

**63. þing Sundsambands Íslands  
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL  
15. júní 2019**

**Þingskjal nr: 2019 - 10**

**63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019**  
samþykkir að þjónustugjöld SSÍ fyrir árin 2017 - 2019 verði með eftirfarandi hætti:

**1) Gjöld almennra sundiðkenda í félögum**

- a. Einstaklingsgjald sundiðkenda kr. 3.200 og mótagjald sundiðkenda kr. 7.000 verða óbreytt út árið 2019
- b. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að einstaklingsgjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2020 og 2021. Ekki má hækka einstaklingsgjald umfram verðlagsbreytingar almennt.
- c. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að mótagjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2020 og 2021. Ekki má hækka mótagjald umfram kostnaðarhækkunar.
- d. Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.

**2) Gjöld garpa verið innheimt í tengslum við IMOC**

- a. Gjöld garpa verða óbreytt út árið 2019 þ.e. upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein kr. 3.200, gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina kr. 1.700 (allt að 3 greinar), gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0, og hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi skal innheimta af honum kr. 3.200.
- b. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á hækkunum garpagjalda. Leitast skal við að upphafsgjald fyrir einstaklingsgrein garpa sé það sama og einstaklingsgjald sundiðkenda. Hækkun á einstaklingsgreinum umfram eina skal vera í hlutfalli við hækkun á upphafsgreins.
- c. Öll gjöldin skulu vera greidd a.m.k. þremur dögum fyrir upphaf IMOC.
- d. Ekki er heimilt að endurgreiða gjaldið nema um sannanleg veikindi eða slys hafi verið að ræða.

**3) Gjöld vegna Víðavatnssunds**

- a. Gjöld vegna Íslandsmóts í Víðavatnssundi verða fyrir árið 2017 (óbreytt frá fyrra ári)
  - i. 1 km, kr. 1500,00 (kr. 2.500,00 ef skráning á staðnum)
  - ii. 3 km, kr. 2500,00 (kr. 3.500,00 ef skráning á staðnum)
  - iii. 5 km, kr. 2700,00 (kr. 3.700,00 ef skráning á staðnum)
  - iv. 3 km liðakeppni kr. 1.500,00 pr sundmann (kr. 2.500,00 ef skráning er á staðnum)
- b. Sundþing felur stjórn að ákvarða hækkunar fyrir árin 2018-19 skapist aðstæður til slíks

**4) Gjöld vegna annarra Sundíþróttar**

- a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundíþróttar skapist aðstæður til slíks.

**Greinargerð:**

Á Sundþingi 2017 var gert ráð fyrir lágmarkshækkunum á þjónustugjöldum árin 2015 - 2017, þar sem við vorum í raun að setja okkur fjárhagsáætlun tvö ár fram í tímann. Það sama á við nú, en hér breytum við aðeins um takt og felum stjórn að ákvarða hækkunar miðað við almennt verðlag.